

Námsmat

Í lögum um grunnskóla segir um námsmat: *Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Nánari ákvæði um námsmat skulu sett í aðalnámskrá grunnskóla* (Lög um grunnskóla, 27. gr., 2008).

Í aðalnámskrá grunnskóla segir um námsmat: *Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.*

Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms (aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf. Grunnþættina má sjá í efnisvali og inntaki náms, kennslu, starfsháttum og vinnubrögðum starfsmanna. Grunnþættir koma fram í viðmiðum um lykilhæfni og hæfniviðmiðum í skólanámskrá og námsvísunum. Í Aðalnámskrá grunnskóla er talað um hæfniviðmið og lykilhæfni. Í mjög stuttu máli snúa hæfniviðmið að hæfni nemanda í ákveðnum námsgreinum en lykilhæfnin (5 þættir) snýr að persónulegri færni/hæfni nemandans.

Kennari setur námsmat hvernar námslotu inn í Mentor þar sem það birtist í hæfnikorti. Hæfnikort er yfirlit yfir lykilhæfni og hæfni nemanda. Foreldrar og nemandi hafa aðgang að hæfnikortinu og geta fylgst með framvindu í námi og persónulegri hæfni nemanda með því að skoða hæfnikortið. Í hæfnikorti kemur fram geta nemanda í námsgreinum og lykilhæfni.

Námsannir

Í Grunnskóla Grindavíkur er skólaárinu skipt upp í tvær annir. Fyrri önnin er frá skólabyrjun í ágúst og fram í miðjan janúar. Seinni önnin er frá miðjum janúar og til skólaloka í júní. Mati á lykilhæfni er skilað til nemenda og forráðamanna þeirra á samskiptadegi við annarlok í janúar og maí. Mati á hæfni er skilað á samskiptadegi í janúar og við skólaslit í júní. Samskiptadagar eru haldnir í ágúst, október/nóvember, janúar og maí. Á samskiptadegi koma nemendur og forráðamenn til kennara og eiga formlegt samtal. Á samskiptadegi í ágúst, sem er skólasetningadagur og í október/nóvember er áherslan á að fara yfir önnina, líðan, markmið og væntingar. Í þessum viðtölum er m.a. stuðst við ákveðna gátlista og eyðublöð. Gátlistar fyrir foreldra eru á heimsíðu skólans.

Lykilhæfni

Lykilhæfni í Grunnskóla Grindavíkur er þrautseigja, samskipti og samvinna, gagnrýnin og skapandi hugsun, ábyrgð og tjáning. Allir þættirnir eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri. Allir kennarar sem koma að kennslu nemanda meta lykilhæfni hans.

Metið er eftir kvörðum og eru kvarðarnir þannig uppbyggðir að hver lykilhæfnipáttur hefur ákveðna skilgreiningu og nemendur eru metnir á kvarðanum A, B, C og D eftir hvar þeir eru staddir þvert á námsgreinar.

Námsmat

Hér má sjá hvað hver bókstafur stendur fyrir:

A	B	C	D
Framúrskarandi hæfni	Góð hæfni	Sæmileg hæfni	Þarfnast frekari þjálfunar
Gerir sitt allra besta, með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.	Gerir vel, með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.	Leggur sig nokkuð vel fram með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.	Nær ekki viðmiðum um lykilhæfni.

Lykilhæfni yngsta stigs skilgreiningar

Lykilhæfnipættir	Einkunn
Þrautseigja	
Gefst ekki upp	
Hefur trú á eigin getu	
Heldur góðri einbeitingu	
Samvinna og samskipti	
Er jákvæð/ur og kurteis	
Er hjálpsöm/samur	
Hlustar á aðra og virðir skoðanir þeirra	
Leggur sitt af mörkum	
Skapandi og gagnrýnin hugsun	
Gerir sér grein fyrir því að oft er fleiri en ein lausn á	
Getur metið eigin viðfangsefni út frá fyrirfram gefnum þáttum	
Ábyrgð	
Nýtir tímann vel	
Fylgir fyrirmælum	
Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum	
Hefur góða sjálfstjórn	
Tjáning	
Á auðvelt með að tala fyrir framan aðra	
Framsögn skýr og áheyrileg	
Tjáir hugsanir sínar og skoðanir	

Lykilhæfni -yngsta stig.

	Yngsta stig
Þrautseigja	Gefst ekki upp þegar að verkefni eru erfið. Hefur trú á eigin getu. Heldur góðri einbeitingu.
Samskipti og samvinna	Er jákvæð/ur, kurteis og hjálpsamur/söm. Hlustar á aðra nemendur og virðir skoðanir þeirra. Getur unnið með öðrum.
Gagnrýnin og skapandi hugsun	Getur gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein lausn á verkefnum og í lagi að gera mistök. Getur metið eigin verk út frá fyrirframgefnum þáttum. Skoðar verkefni út frá ólíkum hliðum.
Ábyrgð	Nýtir tímann vel og fylgir fyrirmælum. Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum.
Tjáning	Tjáir sig skýrt og áheyrilega. Talað fyrir framan aðra og getur tjáð hugsanir sínar og skoðanir.

Lykilhæfni miðstigs skilgreiningar

Lykilhæfnipættir	Einkunn
Þrautseigja	
Gefst ekki upp	
Hefur trú á eigin getu	
Heldur góðri einbeitingu	
Samvinna og samskipti	
Er jákvæður, kurteis og hjálpsamur	
Hlustar á aðra og virðir skoðanir þeirra	
Tekur leiðsögn og kemur skoðunum sínum á framfæri	
Getur unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum	
Skapandi og gagnrýnin hugsun	
Getur spurt spurninga og dregið ályktanir	
Greinir á milli staðreynda og skoðana	
Ábyrgð	
Nýtir tímann vel	
Gerir sitt besta	
Leggur sig fram við að ná betri árangri	
Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum	
Býr yfir góðri sjálfstjórn	
Tjáning	
Tekur þátt í samræðum og rökræðum	
Tjáir skoðanir sínar, hugsanir og tilfinningar	
Tjáir sig skýrt og áheyrilega	

Lykilhæfni – Skilgreiningar

	Miðstig
Þrautseigja	Gefst ekki upp þegar verkefni eru erfið og krefjandi. Hefur trú á eigin getu. Heldur góðri einbeitingu.
Samskipti og samvinna	Er jákvæð/ur, kurteis og hjálpsamur/söm. Hlustar á aðra nemendur og virðir skoðanir þeirra. Tekur við leiðsögn og kemur skoðunum sínum á framfæri. Getur unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum.
Gagnrýnin og skapandi hugsun	Getur spurt spurninga og dregið ályktanir. Greinir á milli staðreynda og skoðana. Getur farið fjölbreyttar leiðir að takmarki sínu. Getur nýtt skapandi og gagnrýna hugsun í verkefnavinnu.
Ábyrgð	Axlar ábyrgð á námi sínu og nýtir tímann vel og gerir sitt besta. Getur sett sér markmið. Lærir af reynslunni og leggur sig fram við að ná betri árangri. Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum og býr yfir góðri sjálfstjórn.
Tjáning	Tekur þátt í samræðum og rökræðum. Tjáir skoðanir sínar, hugsanir og tilfinningar. Tjáir sig skýrt og áheyrilega.

Námsmat

Lykilhæfni elsta stigs skilgreiningar

Lykilhæfnipættir	Einkunn
Þrautseigja	
Hefur trú á eigin getu	
Heldur góðri einbeitingu	
Þekkir styrkleika sína og veikleika	
Samvinna og samskipti	
Er jákvæður, kurteis og hjálpsamur	
Hlustar á aðra og virðir skoðanir þeirra	
Tekur réttmætri gagnrýni og notar hana á uppbyggilegan hátt	
Getur unnið með öðrum og leggur sitt af mörkum	
Skapandi og gagnrýnin hugsun	
Getur greint á milli staðreynda og skoðana	
Getur spurt rannsakandi og gagnrýninna spurninga	
Getur dregið ályktun	
Beitir fjölbreyttum aðferðum við úrlausn verkefna	
Ábyrgð	
Nýtir tímann vel	
Gerir sitt besta	
Getur sett sér markmið og fylgir áætunum	
Lærir af reynslunni	
Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum	
Tjáning	
Tekur virkan þátt í umræðum	
Tjáir skoðanir sínar, hugsanir og tilfinningar	
Færir rök fyrir máli sínu	
Tjáir sig skýrt og áheyrilega	

Lykilhæfni – Skilgreiningar

	Unglingastig
Þrautseigja	Gefst ekki upp þegar verkefni eru erfið og krefjandi. Hefur trú á eigin getu. Heldur góðri einbeitingu.
Samskipti og samvinna	Er jákvæð/ur, kurteis og hjálpsamur/söm. Hlustar á aðra nemendur og virðir skoðanir þeirra. Tekur réttmætri gagnrýni og getur sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram. Getur unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum.
Gagnrýnin og skapandi hugsun	Getur greint á milli staðreynda, skoðana og spurt rannsakandi spurninga. Getur tekið upplýsta afstöðu til gagna og dregið eigin ályktanir. Sýnir skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöðum og úrvinnslu. Leitar að nýjum hugmyndum og tækifærum til náms.
Ábyrgð	Axlar ábyrgð á námi sínu og nýtir tímann vel og gerir sitt besta. Getur sett sér raunhæf markmið, fylgt áætlunum og metið hvernig til hefur tekist. Lærir af reynslunni og leggur sig fram við að ná betri árangri. Sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og býr yfir góðri sjálfstjórn.
Tjáning	Tekur þátt í samræðum og rökræðum. Tjáir skoðanir sínar, hugsanir og tilfinningar. Flytur mál sitt skýrt og áheyrilega.

Fjölbreytt námsmat

Í Grunnskóla Grindavíkur á námsmat að byggjast á fjölbreyttum aðferðum þar sem fyrst og fremst er um einstaklingsmiðað námsmat að ræða. Kennarar nýta leiðsagnarmat þar sem áherslan er á að meta fjölbreytna hæfni nemenda. Leiðsagnarmatið getur verið með ýmsu sniði s.s. frammistöðumat, sjálfsmat nemenda, jafningjamat, hugarkort, matssamtöl, vettvangsathuganir og hefðbundin próf bæði skrifleg og munnleg, svo eitthvað sé nefnt.

Leggja skal áherslu á að nýta símat, þ.e. að stöðugt fari fram mat og endurgjöf til nemenda sem ætlað er að auðvelda þeim, foreldrum þeirra og kennurum að skipuleggja áframhaldandi nám nemandans. Leiðsagnarmat nýtist nemendum til að gera sér grein fyrir stöðu sinni í náminu og kennurum til að bæta og ígrunda kennsluna. Með leiðsagnarmati sem bæði getur verið skriflegt og/eða munnlegt gefur kennarinn umsögn sem nýtist nemendum við áframhaldandi nám. Í námsvísun kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar í hverri námsgrein, í hverju verkefni og hverju prófi. Nám, kennsla og námsmat eiga að haldast í hendur og ljóst á að vera hvaða matskvarði liggur til grundvallar matinu. Niðurstöður einstakra verkefna og prófa eru birtar inni á Mentor ásamt tilteknum hæfniviðmiðum sem unnið er með. Við skil á verkefnum og prófum fylgir námsmat ýmist í formi samtals og/ eða umsagnar.

Frammistöðumat er það kallað þegar kennarinn metur hvernig nemandinn vinnur ákeið verkefni, ekki eingöngu afurðina heldur allt vinnsluferlið. Þessi tegund námsmats er oft notuð í verklegum greinum. Verkefni eru oft þess eðlis að lausnir geta verið ólíkar. Verkefnið getur verið einstaklings- eða hópverkefni. Oft eru gátlistar eða eyðublöð þar sem fram koma áhersluþættir, nýttir við matið.

Sjálfsmat/jafningjamat er námsmat sem nemendur og bekkjarfélagar taka þátt í. Þessi tegund mats eykur skilning nemenda á því til hvers er ætlast af þeim og þeir verða meðvitaðri um tengsl námsins og námsmatsins. Námsmatið verður hluti af náminu en ekki eingöngu próf sem kennarinn leggur fyrir. Þannig læra nemendur að bera ábyrgð á eigin námi og að tengja námið við námsmatið.

Námsmatið verður þá áhugaverðara og eflir ábyrgð nemenda. Auk þess hjálpar það nemendum að þróa og endurbæta nám sitt og gera sér grein fyrir styrkleikum sínum og veikleikum..

Hugarkort er námsmat þar sem nemendur eru látnir búa til hugarkort við upphaf og lok verkefnis. Hægt er að gera hugarkort yfir ákveðin hugtök eða efni sem nemendur eiga að fjalla um. Þegar hugarkort er gert þá þarf nemandinn að skrifa hugtakið/efnið á mitt blaðið og skrá niður allt sem hann veit um hugtakið/efnið). Eftir að kennarinn hefur farið yfir námsefnið þá gera nemendur annað hugarkort og þá er hægt að sjá hversu mikið nemandinn hefur lært, hvaða þekkingu hann hefur bætt við sig og hvernig hugsun hans hefur breyst á tímabilinu.

Matssamtal er nýtt til að kanna hvort ákveðin hæfni/færni er til staðar miðað við ákveðin hæfniviðmið. Matið getur farið fram með því að tala, teikna, handfjatla, sýna eða leysa verkefni. Kennari veitir nemanda síðan stuðning og ráðgjöf í matssamtali.

Hefðbundin próf geta verið skrifleg, munnleg og jafnvel rafræn. Slík próf eru oftast þannig uppbyggð að allir nemendur svara sömu verkefnunum á ákveðnum tíma. Hefðbundin próf eru oftast tekin í skólanum á ákveðnum degi í ákveðinni kennslustund. Þó má geta þess að einnig er hægt að vera með heimapróf, þau geta verið rafræn og opin í ákveðinn tíma.

Birtingarform námsmats

Niðurstöður námsmats birtast í hæfnikorti á Mentor og er alltaf opið foreldrum og nemendum.

Yngsta stig

Á yngsta stigi er lykilhæfni og hæfniviðmiðum skilað tvisvar á ári, janúar og júní. Í hæfnikortinu er námsmat sett fram með fjórum táknum/litum. Blátt (stjarna) er framúrskarandi, grænt (V) er merki þess að hæfni sé náð, gult (O) er merki þess að hæfni þarfnist frekari þjálfunar og rautt (X) er merki þess að hæfni er ekki náð.

Frá og með hausti 2017 verða þessi tákn/litir notaðir í einni til tveimur bóklegum greinum auk smiðjuáfanga, íþróttar og sunds. Í lok hvernar smiðju verður námsmat birt foreldrum. Í öðrum greinum verða eldri kvarðar notaðir skólaárið 2017-2018 en frá og með hausti 2018 verða hæfnikortin og ofangreind tákn/litir notaðir í öllum greinum.

Miðstig

Á miðstigi er lykilhæfni og hæfniviðmiðum skilað tvisvar á ári, janúar og júní. Í hæfnikortinu er námsmat sett fram með fjórum táknum/litum. Blátt (stjarna) er framúrskarandi, grænt (V) er merki þess að hæfni sé náð, gult (O) er merki þess að hæfni þarfnist frekari þjálfunar og rautt (X) er merki þess að hæfni er ekki náð.

Frá og með hausti 2017 verða þessi tákn/litir notaðir í einni til tveimur bóklegum greinum auk smiðjuáfanga, íþróttar og sunds. Í lok hvernar smiðju verður námsmat birt foreldrum. Í öðrum greinum verða eldri kvarðar notaðir skólaárið 2017-2018 en frá og með hausti 2018 verða hæfnikortin og ofangreind tákn/litir notaðir í öllum greinum.

Elsta stig

Á elsta stigi er lykilhæfni og hæfniviðmiðum skilað tvisvar á ári, janúar og júní. Í hæfnikortinu er námsmat sett fram með fjórum bókstöfum. Blátt (A) er framúrskarandi, grænt (B) er merki þess að hæfni sé náð, gult (C) er merki þess að hæfni þarfnist frekari þjálfunar og rautt (D) er merki þess að hæfni er ekki náð.

Frá og með hausti 2017 verða þessi tákn/litir notaðir í einni til tveimur bóklegum greinum auk valgreina, íþróttar og sunds. Í lok hvers val tímabils verður námsmat birt foreldrum. Í öðrum greinum verða eldri kvarðar notaðir skólaárið 2017-2018 en frá og með hausti 2018 verða hæfnikortin og ofangreind tákn/litir notaðir í öllum greinum.

Vitnisburður við lok grunnskóla

Sú hæfni sem nemandinn býr yfir við lok grunnskóla birtist á útskriftarskírteini hans. Gefið er fyrir í bókstöfum A, B, C og D. A lýsir framúrskarandi hæfni, þar sem nemandi hefur leyst verkefni eða próf sem kalla á flóknari hæfni en miðað er við, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Bætt hefur verið við kvarðann B⁺ og C⁺ sem getur nýst þegar nemendur hafa náð að hluta þeim viðmiðum sem lýst er í aðalnámskránni. Ekki verða útbúin sérstök matsviðmið fyrir þessa viðbót heldur gildir það að sá sem hefur náð meginþorra B matsviðmiða og náð einstökum þáttum í A getur fengið B⁺ og sá sem hefur náð meginþorra C matsviðmiða og einstökum þáttum í B getur fengið C⁺. B⁺ og C⁺ er ekki notað í fyrirgjöf fyrir einstök verkefni. Niðurstöður einstakra verkefna/mats eru birtar á Mentor ásamt þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með.

Mikilvægt er að geta þess á vitnisburðarblaði ef nemendur hafa tekið þátt í annarskonar námi en þessu hefðbundna. Framhaldsskólar skoða oft slíka virkni þegar verið er að velja nemendur inn í skóla.

Þátttaka t.d. í:

- Nemendaráði.
- Skólaráði.
- Fulltrúi nemenda í Nemendafulltrúaráði – Stuðboltum.
- Fulltrúi í Ungmennaráði Grindavíkurbæjar.
- Fulltrúi nemenda í umhverfisnefnd skólans.
- Þátttakandi í sigurliði spurningakeppni elsta stigs.
- Stærðfræðikeppni FS.
- Stjórnandi og/eða þátttakandi á málfundum eða öðrum stefnumótandi fundum nemenda.
- Þátttakandi í lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar.

Námsmat Grunnskóla Grindavíkur, útfærsla þess og fyrirkomulag er í stöðugri þróun og verður áfram skoðað samhliða innleiðingu nýrrar aðalnámskrá grunnskóla.